

Hvað getum við lært um nú tímann af fortíðinni og nýtt í fram tíðinni

Markmiðið er að skoða hvort við getum lært eitthvað af þeim sem
eldri eru og nýtt til þess að lifa sjálfbærara lífi.

Um verkefnið

- Nemendur í vistfræðiafanga tóku viðtal við eldri ættingja um líf þeirra á árum áður, einkum það sem tengist umhverfismálum. Á eftir hugleiddu nemendur muninn á lífi ættingjanna og sínu eigin þegar þau voru að alast upp.
- Viðmælendur voru sjö, fædd á tímabilinu frá 1941 til 1952. flest ólust upp hér fyrir austan en einnig voru við mælendur sem ólust upp í Reykjavík.

Húsnæði

- Almennt var húsnæði lítið þar sem fleiri deildu saman herbergi. Bæði var það að systkini deildu herbergi saman en einnig voru dæmi um 6 systkin sem deildu einu herbergi með foreldrum sínum.
- Í Neskaupstað kom rafmagn í hús frá olíurafstöð í bænum. Í upphafi var algengt að hús væru hituð með kolum en síðan var húshitum með olíu. Í Reykjavík var í upphafi kynt upp með olíu og svo síðar kom hitaveita.

Maturinn

- Almennt borðuðu allir viðmælendur mikinn fisk. Og má nefna fleiri en eitt dæmi þar sem sagt er frá því að fiskur hafi verið í matinn næstum því á hverjum degi nema á sunnudögum. Feður komu með fiskinn heim af sjónum eða að hann var keyptur í búðinni og var hann miklu ódýrari en kjöt. En það var einnig borðað kjöt, kjötið kom annaðhvort beint frá bændum eða var keypt í kaupfélaginu.
- Mjólkin kom úr sveitinni og svo kartöflur og grænmeti úr garði. Svo var búið til slátur á haustin. Maturinn var vel nýttur, ekkert fór til spillis og engu var hent. Einn viðmælandi segir „Maturinn var vel nýttur, allt var notað og skorið utan af beinunum og engu hent. Er enn þá vel nýtt hjá okkur við tökum t.d. ekki mark á útrunninni dagsetningu“.

Umbúðir utan um mat

- Umbúðirnar utan um matinn voru mjög einfaldar og allt öðruvísi en í dag, mjólkinn var í brúsum eða í glerflöskum, fiskurinn pakkaður inn í dagblöð og smjörpappír vafinn utan um skyrið.

Fatnaður

- Almennt voru fötin sem fólk gekk í heimasaumuð og stundum voru þau endurnýtt úr öðrum flíkum eins og t.d. voru saumaðir nýir jakkar úr gömlum kápum.
- Konurnar voru einnig duglegar að þrjóna. Hægt var að kaupa nærföt, peysur og buxur í Kaupfélaginu.
- Fötin entust mjög vel og voru notuð þangað til fólk óx upp úr þeim.
- Ef að það komu göt eða einhverjar skemmdir var gert við það, stoppað í götin. Flíkurnar gengu svo á milli systkina og jafnvel til annara heimila.

Jólin

- Fyrir jólin fengu flestir á heimilunum einhverjar nýjar flíkur og yfirleitt var saumaður jólakjöll handa stelpunum.
- Margt í sambandi við jólahaldið áður fyrr var mikið einfaldara eins og til dæmis gjafirnar; þá var vinsælt að gefa bækur og aðra smáhluti í jólagjöf.
- Einnig var rólegra yfir jólunum og ekki mikið um neyslu og auglýsingaherferðir, næstum allt var heimagert; maturinn, kökurnar og fötin.
- Dæmi um það sem var minnstætt við jólin var þegar eplin komu en þau komu einungis til landsins um hátíðirnar.

Ferðamáti

- Fólk fór fótgangandi hvert sem það fór, þeir sem ekki áttu hjól
- Viðmælendur sem ólust upp í Reykjavík fóru fótgangandi eða með strætó og einn viðmælandi segir svo frá

„Í þessum strætóferðum kom ég oft auga á krakka í borginni sem voru fátæklingar. Þetta var stuttu eftir stríð og var þá mikið um fátækt“.

Ferðalög

Á þessum tíma var ekki mikið farið í ferðalög enda átti fólk almennt ekki bíl. Dæmi um það sem viðmælendur höfðu að segja um ferðalög:

- „En það kom fyrir að fólk fór keyrandi á aðra firði til að heimsækja ættingja“.
- „Dagsferð í Hallormsstaðarskóg með leigubíl einu sinni á hverju ári og það var þeirra frí“.
- „Þegar pabbi var í fríi á sumrin fórum við oft saman í útilegu“.
- “Ég fór einu sinni upp í Hérað og út í Húsey að heimsækja ættingja í svona tvo þrjá daga. Við fórum með bát til Viðfjarðar og svo með rútu upp í hérað. Svo vorum við sótt á bíl sem keyrði með okkur út í Húsey“.
- „Í kringum 20 ára. Þá fór ég til Kaupmannahafnar með Gullfoss“
- „Fór ekki í ferðalög en var sendur í sveit með skipi á sumrin“.
- „Engin ferðalög en var send í sveit með rútu“.

Samanburður á fortíð og nútíð

- Þegar ættingjarnir voru að alast upp var miklu minna um óumhverfisvænar umbúðir.
- Fólk ferðaðist miklu minna og lítið var um að fólk ætti bíla og því voru bílar minna notaðir.
- Í dag eru jólin miklu óumhverfisvænni vegna þess að gjafir eru alltof margar sem við getum algjörlega bætt.
- Matur er líka miklu meira fluttur inn núna og það er miklu meira úrval í dag og það væri betra ef við borðuðum meira heimaræktaðan mat og í umhverfisvænni umbúðum.
- En í gamla daga var farið miklu verr með rusl. Rusli var bara sturtað frá haugunum út í sjó. Þegar farið var út með lífrænt rusl var því sturtað fram af bakka eða út í læk. Svo var kveikt í heimiliruslinu.